

verka Kjarvals og Errós nema í barnamyndum hans. Hitt er vitað að það var góður vinskapur á milli þeirra. Kjarval sagði fösturföður Errós, Siggeiri, að strákurinn væri mikið málaraefni. Kjarval fylgdist með honum síðar og fór á sýningar hans í Reykjavík. Kjarval málaði að minnsta kosti tvær myndir af Erró. Önnur er í safni Þorvalds Guðmundssonar og hin er í eigu Errós.

### Ferró varð Erró

Það er sniðug saga af því þegar Erró lenti í málaferlum vegna nafnsins Ferró sem hann breytti í Erró. Þá hitti hann Kjarval sem sagði að þetta væri gott hjá honum því Ferró væri svo hart nafn og harðneskjulegt en Erró væri miklu mýkra,“ sagði Aðalsteinn ennfremur.

„Þegar Erró tók sér listamannsnafníð Ferró árið 1954 tók hann það frá lítilli borg á Spáni sem heitir Castel de Ferro. Upp úr '60 fór hann að fá póst sem stílaður var á einhvern Ferro sem átti þá við annan listamann sem var framleiðslumálari. Síðan höfðaði Ferro þessi mál á hendur Erró sem varð að miklu máli vegna þess að hann fékk valdamikinn og frægan lögfræðing til að sækja málið. Lögfræðingur sá hafði varið hershöfðingjana sem sýndu de Gaulle banatílraði. Erró og vinir hans sátu löngum stundum til að finna nýtt nafn. Það var ekki fyrr en málið var dómtekið að lögfræðingur Ferrós sagði: Af hverju tekur þú ekki bara effið framan af nafninu og breytir því í Erró? Sú varð raunin og Erró varð mjög ánægður með nafnið, sérstaklega eftir að í ljós kom að nokkur staðanöfn í Evrópu bera þetta sama nafn, t.d. eyja í Miðjarðarhafinu. Hann er því tengdur landafræðinni áfram.“

Erró sækir myndefni sitt í þjóðlífið og vinnur eftir ljósmyndum. Hann myndar aldrei neitt á staðnum.

– En af hverju eru konur svo áberandi í myndum hans?

„Það hef ég bara ekki hugleitt,“ svaraði Aðalsteinn.

„Hann er mjög elskur að konum, hefur kynnst mörgum og verið með ófáum fallegum og frægum konum um ævina. Erró hefur lengi búið með thailenskri konu, Milaj, og hann heldur allri hennar fjölskyldu í Thailandi uppi,“ sagði Aðalsteinn.

### Hugsar um heilsuna

Garðar Svavarsson er gamall vinur Errós og hefur fylgt honum hér á landi. „Það má segja að okkar kynni hafi byrjað upp úr 1955. Það voru tveir menn sem kynntu okkur, Bragi Ásgeirsson og Guðmundur Baldvinsson, svili minn. Þeir voru á sama tíma við nám. Ég hef oft heimsótt Erró til Parísar og hann mig hingað. Erró er sívinnandi svo hann hefur ekki mikinn tíma til að taka á móti gestum. Hann hefur þó alltaf gefið sér tíma til að taka á móti mér.“

Garðar sagðist hafa fylgst með Erró allt frá því hann kynntist honum fyrst og hann hafi ekkert breyst. „Erró er hógvæð og sérstaklega góð manngerð. Hann skiptir aldrei skapi en gerir miklar kröfur til sjálfs sín sem hann gerir ekki til annarra. Hann notar meirihluta sólarhringsins til að vinna. Sjálfsagi hans er mikill og yfir daginn fær hann sér tvo til þrjá blundi í fimm mínútur í senn. Þá er hann nýr maður að nýju. Með þessu getur hann haft miklu meiri orku en aðrir menn. Hann mætir til starfa klukkan sjö á morgnana og vinnur yfirleitt til níu eða tíu á kvöldin. Síðustu árin hefur hann tekið lýsi á hverjum morgni og hugsað meira um mataræðið en áður.“

Erró á eina dóttur sem hann eign-



Hver mínúta í hálfsmánaðardvöl Errós á Íslandi var skipulögð. Hann fór meðal annars í sína fyrstu veiðiferð á sjó. Hér kemur hann glaður í bragði í land með aflann.

aðist með fyrrum eiginkonu sinni. Hún er í námi í Bandaríkjunum í læknisfræði en býr annars í París. Dóttir hans er þrjú og hefur menntað sig í fjölmiðlun og líffræði, auk læknisfræðinnar sem hún lýkur á næsta ári.

### Gjöf til þjóðarinnar

Að sögn Garðars hefur það búið lengi í Erró að koma hingað heim með safn sitt til að gefa íslensku þjóðinni. „Hann langaði til þess að Íslendingar ættu verk eftir sig. Ég reikna ekki með að hann haldi margar sýningar eins og þessa hér í framtíðinni. Ég reikna með að þær verði minni ef þær verða einhverjar,“ sagði Garðar.

„Þó að hann hafi gefið safn sitt til borgarinnar þá er það að sjálfsögðu gjöf til allrar þjóðarinnar. Hann taldi best að borgin varðveitti það og ég held að allir séu sáttir við það.“

Erró dvaldi hér á landi í tvær vikur. Fyrri vikuna notaði hann til að undirbúa sýningu sína og afhendingu gjafarinnar en síðari vikuna til ferðalaga. Garðar ferðaðist með honum ásamt fimm Frökkum, heimilsvinum Errós. Það voru konan sem sér um galleríið þar sem hann sýnir og eiginmaður hennar, aðalframkvæmdastjóri tiskuhúss Yves Saint Laurent og maður hennar og einn annar góður vinur. „Við fórum í lax í Haffjarðará og veiddum vel, fengum sautján laxa. Þessa daga vorum við í mikilli náttúruskoðun og Frakkarnir voru alveg uppljómaðir af ferðalaginu. Við keyrðum upp að Deildartunguhver, síðan lá leiðin að Hraunfossnum og Barnafossnum. Þá til Húsafells og á Kaldadal. Á milli fjallanna þar borðuðum við villigæsir og hituðum sósu með en við ferðuðumst í húsbíl. Síðan héldum við áfram að Þingvöllum, Laugarvatni, Geysi og sáum nokkur gos úr Strokki sem

voru býsna góð. Þá héldum við að Gullfossi og síðan austur að Klaustri þar sem var frábærlega vel tekið á móti okkur af ættingjum hans. Einnig fórum við í skoðunarferðir í Skaftafell og skoðuðum öll náttúruundrin, t.d. íshellana í Vatnajökli. Þá heimsóttum við Erlend Einarsson, fyrrverandi forstjóra SÍS, og Margréti í sumarbústað þeirra í Landbroti. Þar var feikilega vel tekið á móti okkur. Loks fórum við á sjóinn á fimmtudag og veiddum vel,“ sagði Garðar.

„Hver einasta mínúta var þrælskipulögð meðan Erró dvaldi hér en ég held að hann hafi ekki farið þreyttur. Erró var mjög sáttur þegar hann fór heim í gærmorgun. Honum fannst hann vera búinn að ganga frá ákveðnum þætti – þungu fargi af honum létt. Hann fékk jákvæða og góða umfjöllun og fyrir það var hann ánægður og þakklátur,“ sagði Garðar Svavarsson. -ELA